

14. Stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

1. nóvember 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:00

Mætt eru: Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Marinó Örn Ólafsson (MÖÓ), Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Tinna Isebarn (TI) frkvstj.

Forföll boðuðu: Sara Sigurðardóttir (SS), Una Hildardóttir (UH) og Guðbjört Angela Mánadóttir (GAM).

Fundur settur 18:45

Dagskrá:

- Fundargerð 12. Stjórnarfundar** var samþykkt.
- Upplýsingar frá framkvæmdastjóra:** Skýrslan um innflytjendaverkefnið þarf að vera tilbúin fyrir lok nóvember. TI og GAM þurfa að hittast til þess að fara yfir gögn frá vinnustofunni svo hægt sé að orðræðugreina það sem fram kom.
- #ÉgKýs:** Fjallað var um verkefnið í heild, helstu niðurstöður þess og hlut LUF í framkvæmd þess. Bar það árangur þrátt fyrir mikla tímapröng og mikið álag. Var því fagnað af viðstöddum með lófataki.
 - TI kynnti sundurliðanir, helstu kostnaðarliði verkefnisins og fjárhagsstöðuna í heild.
 - TI tilkynnti að könnun eftirfylgnirannsóknar sem unnin verður af sömu rannsakendum og í fyrra hefur verið send út á alla framhaldsskóla.
 - Ákveðið var að biða eftir niðurstöðum rannsóknar áður en ákveðið verður umfang og uppsetningu opinberrar lokaskýrslu verkefnisins.
- Leiðtogaskólinn:** Eftir stendur loka- og fjárhagsskýrsla verkefnisins til Evrópuráðsins. TI var einnig falið að útbúa myndaaldbúm með skýringum.
- Leiga á skrifstofu:** Leynileikhúsið hefur óskað eftir því að fá að leigja skrifborð á skrifstofunni þar sem UU mun ekki þurfa aðstöðuna út árið. Var sú beiðni samþykkt með þeim skilyrðum að ungmennafélög gangi fyrir óski þau eftir aðstöðunni, því var ákveðið að semja aðeins til styttri tíma.
- Fundur um lækkun kosningaaldurs:** LUF hefur fengið boð um mögulegt samráðsverkefni um lækkun kosningaaldurs með SÍF, Samfés og Reykjavíkurráði ungmenna. Ákveðið var að boða komu LUF á fundinn þar sem ÓHH verður fulltrúi stjórnar.
- Alþjóðamál:**
 - LMJ sótti **EU Youth Conference í Litháen** og er skýrsla um þátttökuna væntanleg.
 - LUF fékk boð á **NBC fund í Osló** í kjölfar ráðstefnu.
 - LMJ fer á **COMEM í Portúgal** í nóvember.
- 3. Fulltrúaráðsfundur 20. nóvember kl. 18:30:**
 - Dagskrá: Alþjóðamál, kynning á áfangaskýrslu og þarfagreiningu/útttekt á fjárhagsstöðu). Könnun send í kjölfar fundar. Fundarboð og fundargögn þarf að senda út í síðasta lagi 13. Nóvember.
 - LMJ og TI hittast og undirbúa dagskrárlið um alþjóðamál 8. nóvember.
 - TI gerir drög að uppsetningu þarfagreiningu og beinagrind að áfangaskýrslu og leggur fyrir næsta stjórnarfund. Dagskráin verður sett upp á næsta fundi.
- Næsti stjórnarfundur:** 13. nóvember kl. 18:00.
- Önnur mál:** Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:25.

TI ritaði fundargerð.